

Mál nr. 67/2013
M
og V v/slysatryggingar sjómanna útgerðarinnar Þ.

Líkamstjón við vinnu 8. nóvember 2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15. febrúar 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V hf. dags. 1. mars 2013.

Málsatvik.

Skv. málskoti varð M fyrir meiðslum á hægri öxl við vinnu sína um borð í línuveiðibátum X þann 8. nóvember 2010. Í tjónstilkynningu útgerðarinnar til Tryggingastofnunar, dags. 10. nóvember 2010, kemur fram að M hafi verið „að gogga á rúllunni þurfti að haka fisk hrökk þá úr lið á hægri öxl“. Í ódagsettri yfirlýsingu Y skipstjóra kemur fram frekari lýsing á aðstæðum. Ekki er hægt að sjá af þeirri lýsingu að skipstjórinn hafi sjálfur verið á staðnum. Í lýsingu kemur fram að M hafi gripið um haka og lent með öxl á lúgukarmi.

M telur að um skyndilegan, utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða sem hafi leitt til meiðsla á líkama M. Utanaðkomandi atburðurinn hafi verið sá áverki sem kom á öxl M þegar hann rakst í lúguna og vísar M auk þess til fyrirbyggjandi læknisvottorða. Í vottorði ÁK, dags. 17. október 2011 komi fram að læknirinn meti meiðsli M sem áverkatengdan atburð. Í ítarlegu læknisvottorði BJ dags. 16. janúar 2012 komi auk þess fram svokallað beinatap sem alla jafna komi ekki til þegar um er að ræða liðhlaup án áverka.

V telur að leggja eigi atvikalýsingu dag. 10. nóvember 2010 til grundvallar en hana staðfesti M, skipstjóri og fulltrúi útgerðarinnar. Þar hafi lýsing atvika verið á þann hátt að ekki hafi verið gerð grein fyrir utanaðkomandi atburði sem leiddi til líkamstjóns M. Frekari lýsing skipstjóra á atvikinu hafi ekki legið fyrir fyrir en eftir að V hafi hafnað bótaskyldu úr slysatryggingu sjómanna og því sé ekki hægt að leggja hana til grundvallar sem sönnunargagn. Auk þess vísar V til þess að skv. læknisvottorðum sé ljóst að M hafi verið veikburða í öxl lengi og læknar geti ekki fullýrt nákvæmlega hvað hafi gerst nema að þeir meti að um áverkatengdan atburð hafi verið að ræða. Það sé ekki nóg til sönnunar á utanaðkomandi atburði í skilningi vátryggingarskilmála slysatryggingar sjómanna og því sé ekki unnt að fallast á bótaskyldu.

Álit.

Í tjónstilkynningu dags. 8. nóvember 2010 lýsa M, skipstjóri hans og fulltrúi útgerðar atvikum þannig að M hafi farið úr lið þegar hann var að „gogga á rúllunni“. Þar kemur ekkert fram um að utanaðkomandi áhrif hafi leitt til líkamstjóns M. Í ódagsettri lýsingu skipstjórans, sem barst eftir að V hafði hafnað bótaskyldu úr slysatryggingu sjómanna, eru leiddar að því líkur að um utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða. Það fær þó ekki stoð í því að skipstjórinn hafi verið sjálfur á staðnum eða annað vitni hafi séð þegar M fór úr lið. Það er því enginn til frásagnar annar en M og eina lýsingin sem frá honum stafar er sú sem hér er vitnað til í tjónstilkynningu dags. 8. nóvember 2010. Sönnunarstaðan er sú að M þarf að sýna fram á að meiðsli á líkama hans séu rakin til skyndilegs utanaðkomandi atburðar, sbr. skilgreiningu á gildissviði slysatryggingar sjómanna skv. skilmálum hennar. Með vísan til ofangreinds telst M ekki hafa sannað að líkamstjón hans sé hægt að rekja til utanaðkomandi atburðar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík 3. apríl 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Sævar Þór Jónsson hdl.